

Fundur í fjallskilastjórn Víðdælinga haldinn 18. ágúst 2009 kl. 17:00 að Litlu-Ásgeirsá.

Formaður Sigtryggur Sigurvaldason setti fund og stjórnað. Ritari Júlíus Guðni skrifaði fundargerð.

1. Undirbúningur álagningar fjallskila haustið 2009. Þorist hafa óskir um niðurfellingu fjallskila vegna fækkunar búfjár frá vorskýrslum. Egta ehf. 14 hross. Elías Guðmundsson 7 hross.
2. Álagning fjallskila kr. 190 pr. eining og 4% af landverði. Ein kind, ein eining, eitt hross sex einingar og 30% afsláttur af hrossum sem ekki ganga á afrétti. Jafnframt hækkar dagsverk úr 8.000,- í 9.000,- og aðrir liðir um ca. 12%. Ekki verði greitt kaup fyrir þá sem keyrðir eru fram í Fellaskála fyrir þann dag sem þeir eru keyrðir. Tímagjald fyrir aukaverk er ákveðið kr. 1.650,- samkv. reikningi.
3. Niðurjöfnun fjallskila haustið 2009 á grundvelli forðagæsluskýrslna, vortalningar og áorðinna breytinga á búfjáreign. Framtalið fjallskilaskyldt búfé; sauðfé 5.076,- hross 912,- þ.e. 10.548 einingar. Göngur hefjist mánudaginn 7. sept. 2009 og aðrar dagsetningar út frá því með hefðbundnum hætti. Seinni göngur hefjist laugardaginn 19. sept. og ljúki daginn eftir.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 00:30.

Júlíus Guðni Antonsson(sign.),
Kristín Guðmundsdóttir(sign.).

Sigtryggur Sigurvaldason(sign.),